

Fundur skólaráðs í Víkurskóla 9. nóv. 2022

Mætt: Sigríður, Júlía Mekkín, Fiona, Sölvi, Björg Sigrún, Þuríður, Líney Björg, Stefán Örn og Hulda Valdís – Stefán og Hulda Valdís eru fulltrúar úr innleiðingarhóp vegna skólabreytinga í Víkurskóla.

Forföll boðuðu: Jóhanna

Fundargerð ritaði Hulda Valdís

1. Kynning á niðurstöðum nemendakannana Víkurskóla - Þuríður

Góð þátttaka í 8. og 9. bekk en síðri í 10. bekk, 76% heildarþátttaka.

Niðurstöður eru almennt góðar en atriði sem mikilvægt er að skoða betur og vinna nánar með þær. Hluti af niðurstöðunum verða ræddar betur á skólaþingi með nemendum til að virkja nemendur með í umræðna og áhugavert að sjá hvað kemur út úr því.

2. Kynning á niðurstöðum lesfimi í Víkurskóla – Þuríður

Viðmiðin sem sett eru af MMS eru svo langt frá raunveruleikanum og kannski nær að miða við landsmeðaltalið. Skólinn stendur sig betur en landið í heild en er samt ansi langt frá því sem MMS setur. Þarf að huga sérstaklega að stöðunni í 9. bekk og bregðast við. Eru að vinna eftir Læsisstefnu Grafarvogs og Kjalarness.

3. Önnur mál

- a. Innleiðingarhópur Víkurskóla vegna breytinga í Norðanverðum Grafarvogi – Hulda
Hlutverk innleiðingarhópsins er að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfi í Víkurskóla og gert ráð fyrir að hann ljúki störfum næstu áramót. Skólaráð Víkurskóla og innleiðingarhópur Víkurskóla ákváðu á síðasta ári að sameina krafta þessara hópa, þar sem þeim fannst verkefnið skarast, sumir voru í báðum hópunum og einnig hefur fækkað mjög í innleiðingarhópnum vegna breytinga á starfsmannahóp Víkurskóla og nemendur hafa útskrifast. Rætt hvernig hópurinn metur stöðuna á innleiðingunni og hvaða verkefnum er ennþá ólokið. Stefnumótun fyrir starfsemi skólans hefur gengið hægar en ætlað var en verið er að vinna að henni með aðstoð Ingvars Sigurgeirssonar. Staðan á samgöngubótum er góð, merki skólans er í vinnslu en á eftir að klára ákveðin mál sem tengjast húsnæði og tækjabúnaði s.s. í tengslum við húsnæði félagsmiðstöðvarinnar, nemendaskápa, lýsingu og betra nettengingu. Ákveðið að Hulda og Þuríður taki að sér að gera samantekt yfir stöðuna á þessum verkefnum og beri undir fulltrúa í skólaráði og innleiðingarhópnum og svo í framhaldi skilað inn til skóla- og frístundasviðs með formlegum hætti.
- b. Skólasund – Sigríður
Vangaveltur um hvort mögulegt sé að ljúka skólasundi við lok 8. bekkjar að uppfylltum hæfniviðmiðum en núna er gert ráð fyrir að hægt sé að klára við lok 9. bekkjar ef hæfniviðmið nást. Þá gert ráð fyrir bundnu vali á móti ef ekki er tekið sund. Verið að stefna í þessa átt en þarf að vinna í samráði við íþrótt- og sundkennara.

Fundi slitið kl. 9.10